# ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 167/2023

**2023/EES/87/24**

**frá 13. júní 2023**

**um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/693 frá 27. mars 2023 um breytingu á ákvörðunum (ESB) 2017/1214, (ESB) 2017/1215, (ESB) 2017/1216, (ESB) 2017/1217, (ESB) 2017/1218, (ESB) 2017/1219 og (ESB) 2018/680 að því er varðar gildistíma viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis ESB og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun ([1]).

2) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/705 frá 29. mars 2023 um breytingu á ákvörðunum (ESB) 2017/175 og (ESB) 2018/680 að því er varðar orkunýtnikröfur er varða umhverfismerki ESB fyrir gistiaðstöðu fyrir ferðamenn og umhverfismerki ESB fyrir hreingerningaþjónustu innanhúss fyrir tilteknar orkutengdar vörur ([2]).

3) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

*1. gr.*

XX. viðauka við EES-samninginn verður breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 2e (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1218), lið 2h (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1216), lið 2r (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1214), lið 2t (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1217), lið 2zg (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1215) og 2zh (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1219):

   „– **32023 D 0693**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/693 frá 27. mars 2023 (Stjtíð. ESB L 91, 29.3.2023, bls. 11).“

2. Eftirfarandi er bætt við lið 2zp (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/680):

   „, breytt með:

   – **32023 D 0693**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/693 frá 27. mars 2023 (Stjtíð. ESB L 91, 29.3.2023, bls. 11),

   – **32023 D 0705**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/705 frá 29. mars 2023 (Stjtíð. ESB L 92, 30.3.2023, bls. 19).“

3. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 2m (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/175):

   „– **32023 D 0705**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/705 frá 29. mars 2023 (Stjtíð. ESB L 92, 30.3.2023, bls. 19).“

---

([1]) Stjtíð. ESB L 91, 29.3.2023, bls. 11.

([2]) Stjtíð. ESB L 92, 30.3.2023, bls. 19.

*2. gr.*

Texti ákvarðana (ESB) 2023/693 og (ESB) 2023/705, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nicolas von Lingen***

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.